

GJALDSKRÁ

fyrir Lögbirtingablað.

1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, eru gjöld fyrir auglýsingar sem birtast í Lögbirtingablaði hér með ákveðin þannig:

1. Fyrir auglýsingar í eftirtöldum flokkum sem sendar eru inn í gegnum almennt auglýsingaform í auglýsingakerfi Lögbirtingablaðsins greiðast 4 kr. fyrir stafabil, hvert slag:

Auglýsing/tilkynning varðandi fjármálastarfsemi	Kaupmáli
Auglýsing/tilkynning frá ráðuneyti	Laus störf, stöður, embætti o.fl.
Áskorun	Mat á umhverfisáhrifum
Dómsbirting	Nauðasamningar
Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.	Skipulagsauglýsing
Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala	Starfsleyfi
Félagsslit	Stefna
Framhald uppboðs	Svipting fjárræðis
Fyrirkall	Umferðarauglýsing
Greiðsluáskorun	Vátryggingafélagaskrá/ vátryggingamiðlaraskrá
Happdrætti	Veðhafafundur
Húsbréf	Ýmsar auglýsingar og tilkynningar
Innkallanir (aðrar en þrotabúa og dánarbúa)	

2. Fyrir eftirtaldar auglýsingar greiðist sem hér segir:

Aukatilkynning hlutafélagaskrár	1.500 kr. fyrir hverja tilkynningu
Firmaskráning	1.500 kr. fyrir auglýsingu
Hlutafélagaskráning	1.500 kr. fyrir auglýsingu
Innköllun dánarbús	1.500 kr. fyrir hvert bú
Innköllun þrotabús	1.500 kr. fyrir hvert bú
Nauðungarsala	1.500 kr. fyrir hverja eign
Skiptafundur dánarbús	1.500 kr. fyrir auglýsingu
Skiptafundur þrotabús	1.500 kr. fyrir auglýsingu
Skiptalok dánarbús	1.500 kr. fyrir auglýsingu
Skiptalok þrotabús	1.500 kr. fyrir auglýsingu

3. Annað:

Einungis er greitt fyrir 1. birtingu auglýsinga sem skylt er skv. lögum að birta oftar. Heimilt er að innheimta allt að tvöfalt verð auglýsingar vegna vinnu við innslátt eða uppsetningu.

Heimilt er að innheimta álag þótt auglýsing hafi verið afturkölluð.

Gjald vegna fylgiskjals sem birtist með auglýsingu er kr. 5.000.

2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, er gjald fyrir áskrift að Lögbirtingablaði sem hér segir:

1. Áskrift að prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs er kr. 82.000 fyrir árið.
2. Verð einstakra blaða er kr. 802.
3. Verð fyrir netáskrift er kr. 2.300 fyrir árið.

Nr. 1300

27. desember 2017

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem kemur í stað gjaldskrár nr. 1028/2015, öðlast gildi 15. janúar 2018.

Dómsmálaráðuneytinu, 27. desember 2017.

Sigríður Á. Andersen.

Bryndís Helgadóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 12. janúar 2018